



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ævintýraborg við Nauthólsveg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	4
3 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024	5
4 Umbótaáætlun – fjölyngi 2023-2024	5
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	6
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	6
7 Foreldrasamvinna	6
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	7
9 Fylgigögn	7
9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	7



Leiðarljós leikskólans

Lýðræði – Sköpun – Vellíðan - Vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Undirrituð var leikskólastjóri í Hlíð frá því í janúar 2022 til október 2023. Hún tók við sem leikskólastjóri í Ævintýraborg við Nauthólsveg í mars 2023 og stýrði báðum leikskólum um sjö mánaða tímabil. Frá því Nauthólsveg þar sem mygla kom upp í Hlíð og loka þurfti stærra húsinu. Um miðjan október s.l. voru öll Hlíðarbörn, sem vistuð voru í Ævintýraborg við Nauthólsveg, færð yfir í téðan leikskóla sem auðveldaði allan rekstur og utanumhald leikskólastarfsins. Strax í upphafi var ljóst að starfsánægja var lítil sökum skorts á forystu og mikillar starfsmannaveltu. Flestir starfsmenn voru nýir í starfi, með litla reynslu og skorti leiðsögn í starfi. Í þessu fólst mikil áskorun og var það mitt fyrsta verkefni að koma á stöðugleika í starfsmannahaldi leikskólans. Nokkrir starfsmenn af Hlíð færðu sig yfir á Ævintýraborg við Nauthólsveg og var fengur í því að fá fleiri leikskólakennara og reynslumikla starfsmenn í hópinn. Engu berast um þær stöður sem hafa verið auglýstar í leikskólanum. Í dag er búið að manna grunnstöðugildi á deildum en enn á eftir að ráða í stöðu aðstoðarleikskólastjóra og two deildarstjóra.

Á síðast skólaári tók leikskólinn þátt í þriggja ára þróunarverkefni um réttindi barna í leikskólum. Er þetta samvinnuverkefni 6 leikskóla, UNICEF og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Í leikskólanum var ákveðið að vinna með lýðræði barna og lögð sérstök áhersla á réttindi og sjálfshjálp barna í matartínum leikskólans. Skólaárið 2023-2024 er annað árið sem leikskólinn tekur þátt í verkefninu og er markmiðið að þróa enn frekar matmálstíma í leikskólanum, m.a. með því að útbúa sér matstofu fyrir yngri börnin í leikskólanum þar sem ríkir meiri ró og betur er hægt að koma til móts við þarfir þeirra. Leikskólinn er líka að hefja þátttöku í öðru þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að þróa markvissa fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra um uppeldi barna í samstarfi við leik- og grunnskóla og skólapjónustu sveitarfélaga. Verkefnið endurspeglar réttindi barna og foreldra og þær áherslur sem birtast í farsældarlögum um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna. Við munum líka vinna að innleiðingu læsis í leikskólanum með markvissum hætti. Liður í því er að nota þróunarstyrkinn í að kaupa námskeiðið Lubbi finnur málbein, þar sem starfsfólk lærir að vinna með málþroska og hljóðamýndun ungra barna. Stjórnendur munu að auki vinna að því að fullklára skólanámskrá og skipuleggja sérkennslu og innra mat leikskólans.

Að lokum vil ég segja að það er mikilvægt að líta til framtíðar. Róm var ekki byggð á einum degi og ljóst er að það mun taka tíma að byggja upp skólastarf og skólabrag í nýjum leikskóla. Mitt verkefni er að byggja upp traust í skólasamfélagini og vinna að því að móta sameiginlega sýn allra sem að starfinu koma þar sem gildi leikskólans, lýðræði, sköpun, vinátta og vellíðan ráða för og marka leiðina að settum markmiðum. Það er mikilvægt að börnin séu ávallt höfð í brennidepli. Að nám þeirra fari fram í gegnum leik og skapandi starf og að þau fái nægan tíma til að njóta sín á eigin forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni. Mikilvægt er að þau fái jöfn tækifæri til náms, sterka sjálfsmynnd og trú á eigin getu og árangri. Í leikskólanum á að fara fram öflugt og faglegt starf þar sem réttindi og sjónarmið barna eru ávallt í hávegum höfð og að þau fái tækifæri til að hafa bein áhrif á nám sitt. Að lokum þurfum við svo ávallt að muna að leiðin að settum markmiðum er ekki síður mikilvæg en markmiðin sem slík.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Sökum aðstæðna var ekki verið gert mat í leikskólanum Ævintýraborg við Nauthólsveg skólaárið 2022-2023.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Áherslur í starfi og hugmyndafræði	Fullvinna hugmyndafræði leikskólans og áherslur í faglegu starfi	Klára skólanámskrá	Stjórnendur og kennarar. Foreldraráð sem ráðgefandi aðili.	Nóv '23	Júl '23	Könnun á meðal foreldra og starfsmanna	Fullkláruð skólanámskrá með samþykki starfsmanna og foreldraráðs.
Uppeldis- og menntastarf							
Lýðræði	Innleiðing þróunarverkefnis um réttindi barna samkvæmt Barnasáttamála.	Styðja börn til sjálfshjálpar í matartínum.	Deildarstjórar.	Sep '23	Júl '24	Metið á deildarfundum og á skipulagsdegi.	Að matartímar gangi vel, börnin njóti sín og bjargi sér sjálf miðað við aldur og þroska.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Starfsánægja	Bætt samskipti í starfsmannahópnum	Starfsfólk vinnur samskiptasáttmála.	Stjórnendur í leikskólanum í samvinnu við starfsfólk	Nóv '23	Des. '23	Metið á skipulagsdag.	Bætt samskipti starfsmanna, meiri starfsánægja.
Innra mat							
Framkvæmd innra mats	Skipuleggja þarf innra mat í leikskólanum.	Stjórnendur vinna að skipulagningu innra mats næstu 5 árin.	Stjórnendur í leikskólanum.	Nóv '23	Júl '24	Stjórnendur í samvinnu við fagaðila meta í lok skólaárs.	Matsáætlun fullunnin.



3 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag sérkennslu	Aukin upplýsingagjöf og leiðsögn.	Reglulegir fundir á milli sérkennslustjóra, deildarstjóra og stuðningsaðila	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og Deildarstjóri	Nóv '23	Jún '24	Símat yfir veturinn.	Að tekist hafi að halda þá fundi sem eru skipulagðir .

4 Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞ ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroski	Aukið samtal á milli barna og kennara.	Kennrar nota Gefðu tíu til að auka samræðu og samskipti við tvítyngd börn.	Allir starfsmen n bera ábyrgð á að tileinka sér aðferðir Gefðu 10.	Nóv '23	Maí '24	Deildarstjóri og sérkennslustjóri meta árangur í feb og júní. Notaðar eru skráningar í þemaverkefnum, Tras og einstaklingsnámskrám.	Barnið sýnir framfarir í íslensku, líður betur og á góð samskipti við félaga sína.
Málþroski	Aukinn orðaforði	Skipulagðar málörvunar tundir	Deildarstjó rar	Nóv '23	Maí '24	Deildarstjóri og sérkennslustjóri meta árangur. Notaðar eru skráningar, Tras og einstaklingsnámskrár	Barnið sýnir framfarir í íslensku, líður betur og á góð samskipti við félaga sína.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Skólaárið 2022-2023 voru ekki tekin starfsþróunarsamtöl. Áætlað er að skólaárið 2023-2024 fari starfsþróunarsamtöl fram tvívar sinnum yfir veturinn í október/nóvember og apríl/maí. Skipulögð fræðsla verður sem hér segir:

Innleiðing læsis – áhersla á málörvun í leikskólum

- Starfsdagur 29. september – Fyrirlestur um málþroska ungra barna - stöðvavinna.
- Starfsdagur 24. nóvember – Námskeið - Lubbi finnur málbein.

Innleiðing Barnasáttmálans – áhersla á lýðræði í leikskólum.

- Starfsdagur 16. febrúar – Fyrirlestur um Barnasáttmála og réttindi ungra barna.

Önnur skipulögð fræðsla verður skoðuð og nýtt eftir þörfum.

Einnig er stefnt að því að leiðsögukennari taki að sér að leiðsegja starfsmönnum og kennaranemum. Hann mun hafa umsjón með móttöku nýliða, vinna að móttokuáætlun nýrra starfsmanna og fylgja eftir nýliða fræðslu á Torginu í samvinnu við leikskólastjóra.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skólaárið 2022-2023 var einungis eitt barn í leikskólanum í skólahóp. Var því barni boðið að fara með skólahóp úr leikskólanum Hlíð í heimsóknir í Hlíðaskóla. Skólaárið 2023-2024 eru 8 börn í leikskólanum í skólahóp. Búið er að skipuleggja eftirfarandi samstarf:

Dags.	Tími	Staður	Heimsókn	Ath.
25. jan. 2024	9:50-10:50	Hlíðaskóli	Skólahópur fær kynningu á skólanum	
08. mars 2024	9:15-11:20	Hlíðaskóli	Skólahópur tekur þátt í kennslustund.	
20. mars 2024		Hlíðaskóli	Skólahópur horfir á söngleik.	Óstaðfest
05. júní 2024	13:00-15:00	Hlíðaskóli	Vorskóli	Foreldrar fylgja börnum.

7 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum var hvorki starfandi foreldraráð né foreldrafélag. Ákveðið var að óska eftir framboðum í hvoru tveggja á foreldrafundi 28. september 2023. Eftirfarandi foreldrar buðu sig fram:

Foreldraráð

- Ingibjörg Úlfarsdóttir
- Berglind Ólafsdóttir
- Jóna Rán Péturnsdóttir
- Ragna Hjartar

Foreldrafélag

- Hildur Öder
- Auður Harpa Skúladóttir
- Elísabet Ormslev
- Karólína Þórðardóttir

Skólastjóri mun funda með viðkomandi við fyrsta tækifæri

Foreldraviðtöl eru haldin tvívar yfir skólaárið, í nóvember og apríl. Þess utan geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali við stjórnendur. Samskipti við foreldra hafa gengið vel og upplýsingum er miðlað til þeirra í gegnum Völu.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024 um 27. - 29. september

...þaðugðaðar skólaárs 2023-2024 verða sem
21. ágúst 2023 – Samanþingunum.

21. ágúst 2023 – Sameiginlegur með Hlíðaskóla
29. september 2023 – 2.

29. september 2023

24. november 2016

16. februar 2024
02. opplæring

02. apríl 2024 – Sameiginlegur með Hlíðaskóla

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Ævintýraborg við Nauthólsveg

Anna Metta Norðdahl Leikskólastjóri

31. október 2023
Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Ævintýraborg við Nauthólsveg

Umsögn foreldrararáðs

Foreldrararáð leikskólans skipa:

Ragna Hjartar
Jóna Rán Pétursdóttir
Berglind Ólafsdóttir
Ingibjörg Úlfarsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingsar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólk, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjölyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Jóna Rán Þórssdóttir
Bacyna Hjartar
André Ólafsdóttir
Brynd Oim



